

Tók þátt í hátíðarhöldum VR 1. maí

Eva Ruza er vinsæll skemmtikraftur og öflug á Snapchat. Hún hélt uppi stuðinu þann 1. maí sl. þegar VR stóð fyrir fjölskylduhlaupi og upphitun fyrir kröfugönguna.



BLAÐSÍÐA 4

Fyrir hverja eru starfsmenntasjóðir?

BLAÐSÍÐA 8

Formaður VR ákvað að taka stökkið

BLAÐSÍÐA 10

Upphitun VR á 1. maí

BLAÐSÍÐA 12

Lífið það eina sem skiptir máli

BLAÐSÍÐA 14

Árlegt kaffiboð eldri félagsmanna VR



NÁMS- OG STARFS- RÁÐGJÖF FYRIR FÉLAGSMENN VR

Hjá náms- og starfsráðgjafa VR er hægt að fá einstaklingsviðtöl og ráðgjöf varðandi nám, raunfærnimat, námskeið og fleira. Hægt er að óska eftir viðtali þar sem m.a. er unnið með styrkleika hvers og eins, veitt aðstoð við skipulag náms, ráðgjöf við lestraraðferðir og annað sem upp kann að koma. Þá er einnig í boði leiðsögn varðandi lífsvenjur sem geta stuðlað að betri einbeitingu í námi og aðstoð fyrir þá einstaklinga sem eru í námi að samræma nám og starf sem getur verið flókið og krefst góðs skipulags.

Ef þig vantar ráðgjöf – pantaðu tíma með því að senda tölvupóst á vr@vr.is



HVERT ÆTLAR ÞÚ Í SUMAR?

Félagsmenn VR geta keypt gjafabréf frá Icelandair og Wow air hjá VR.

Gjafabréf WOW air kostar 22.500 kr. og gildir sem 30.000 kr. greiðsla upp í ferð með WOW air. Hægt er að nota fleiri en eitt gjafabréf í hverri bókun. Gjafabréf Icelandair kostar 23.000 kr. og gildir sem 30.000 kr. greiðsla upp í ferð með Icelandair. Þá geta félagsmenn VR keypt veiðikortið og útilegukortið. Veiðikortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 34 vatnasvæðum vítt og breitt um landið auk þess sem börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd með korthafa. Útilegukortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinguætur. **Nánari upplýsingar um gjafabréf og kort má finna á orlofsvef VR.**

VARASJÓÐUR VR

- Áttu óvæntan glaðning?

Varasjóð VR geta félagsmenn VR nýtt til ýmissa fjölbreyttra styrkja. Athugaðu stöðuna á varasjóðnum inni á **Mínum síðum** á vr.is.

Hægt er að nota inneign í sjóðnum til skattfrjálsrar greiðslu á:

- Líkamsrættarkorti.
- Endurhæfingu – s.s. sjúkrahjálfun, nudd, nálastungur og kírópraktor.
- Gistikostnaði í orlofi – s.s. orlofshús, hótél eða gistiheimili.
- Starfstengdu námi.

Þá er einnig hægt að nýta sjóðinn til fjölda annarra staðgreiðsluskyldra greiðslna:

- Tannlæknaþjónusta.
- Sálfræðikostnaður og viðtöl hjá geðlæknum.
- Flug – bílaleigubílar – pakkaferðir.
- Líkamsrættartengdum búnaði eins og hlaupaskóm, golfkylfum, hjól, íþróttafatnaður o.fl.
- Gleraugu, linsur, heyrnartæki, innlegg í skó o.fl.

Allir félagsmenn VR safna réttindum í Varasjóð VR og fer endurgreiðsla úr sjóðnum eftir réttindainneign hvers og eins félagsmanns.

Allar nánari upplýsingar um varasjóðinn má finna á vef VR: www.vr.is/styrkir-sjodir/vr-varasjodur



SUMARLEIKUR VR Á INSTAGRAM!

Taktu mynd af þér í sumarfríinu og merktu hana **#SumarleikurVR** á Instagram og þú getur unnið gjafabréf frá WOW air að andvirði **30.000 króna**. Dregið verður úr sumarleiknum **15. ágúst 2018**.

Nánari upplýsingar um orlofskosti VR er að finna á orlofsvef VR: orlof.is/vr



FIMMTÁN FYRIRTÆKI FÁ VIÐURKENNINGUNA FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018

Fyrirtæki ársins 2018 hafa verið valin samkvæmt niðurstöðum viðamikillar könnunar meðal þúsunda starfsmanna á vinnumarkaði. Í ár eru Fyrirtæki ársins fimmtán talsins og 45 fyrirtæki eru Fyrirmyndarfyrirtæki.

VR hefur tilnefnt Fyrirtæki ársins árlega í rúma tvo áratugi á grundvelli könnunar meðal félagsmanna og fjölda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Fyrsta árið var aðeins eitt fyrirtæki valið en fljótlega urðu þau þrjú í jafnmörgum stærðarflokkum. Á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að fjölga fyrirtækjum ársins í fimm í hverjum stærðarflokki. Þau fimm fyrirtæki sem fá hæstu einkunn í sínum stærðarflokki í könnuninni í ár fá þannig öll þessa viðurkenningu.

Fyrirtæki ársins 2018 í hópi stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri, eru dk hugbúnaður, Johan Rönnung, Nordic Visitor, Pipar/TBWA og Sjóvá.

Fyrirtæki ársins 2018 í hópi millistórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins, eru Áltak, Cyren, Expectus, Fulltingi og Margt smátt.

Fyrirtæki ársins 2018 í hópi lítilla fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru færri en 20, eru Attentus – mannauður og ráðgjöf, Beiersdorf, Eirvík, Microsoft Ísland og Rafport.

FYRIRTÆKI ÁRSINS KYNNT Í FJÖLMENNRI MÓTTÖKU

Niðurstöðurnar voru kynntar í glæsilegri móttöku á Hilton Nordica þar sem um fimm hundruð starfsmenn og stjórnendur fyrirtækjanna, trúnaðarmenn VR og aðrir góðir gestir komu saman. Öll 45 Fyrirmyndarfyrirtæki 2018 fengu afhent viðurkenningarskjal fyrir frábæran árangur. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR,

og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, afhentu fimm efstu fyrirtækjunum í hverjum stærðarflokki þessa eftirsóttu viðurkenningu Fyrirtæki ársins 2018.

UM KÖNNUN VR Á FYRIRTÆKI ÁRSINS

Könnun VR mælir viðhorf starfsmanna til níu lykilþátta í innra umhverfi fyrirtækja. Þetta eru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og svo jafnrétti en síðastnefndi þátturinn kom nýr inn fyrir tveimur árum. Valið á Fyrirtæki ársins byggir á niðurstöðum fjölmargra spurninga í lykilmóttökunum níu. Hæsta mögulega einkunn er fimm en sú lægsta er einn. Hver lykilmóttökur fær þannig einkunn og mynda einkunnir allra þáttanna níu heildareinkunn fyrirtækis.

ALLIR GETA VERIÐ MEÐ


Könnunin er send til allra félagsmanna VR auk þúsunda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Í meira en fimmtán ár hafa fyrirtæki getað tryggt öllum sínum starfsmönnum, óháð stéttarfélagsaðild, þátttökurétt í könnuninni. Þátttaka allra starfsmanna hjá fyrirtækinu, ekki eingöngu félagsmanna VR, eykur notagildi könnunarinnar þar sem hún tekur á öllum helstu málum sem varða innra starfsumhverfi fyrirtækja og viðhorf starfsmanna þeirra. Mörg fyrirtæki nota niðurstöðurnar til að bæta það sem þarf að lagfæra í aðbúnaði starfsmanna og því er mikilvægt að

heyrja frá sem flestum. Á listum yfir fyrirtæki ársins í ár eru um 200 fyrirtæki. Af þeim tryggðu 130 öllum starfsmönnum sínum þátttökurétt.

MIKILVÆGUR VETTVAENGUR FYRIR STARFSMENN

Könnunin Fyrirtæki ársins er mikilvægur vettvangur fyrir félagsmenn VR, og aðra starfsmenn, til að koma skoðunum sínum á framfæri og láta stjórnendur fyrirtækjanna vita af því sem vel er gert og hvað betur má fara. Niðurstöðurnar eru einnig fyrirtækjum mikilvægar, þær sýna hver staða fyrirtækisins er í augum starfsmanna og hver staða þess er í samanburði við önnur fyrirtæki á vinnumarkaði.

En þessi árlega könnun VR snýst ekki eingöngu um að velja Fyrirtæki ársins, þó valið veki ætíð mikla athygli og umfjöllun. Tilgangurinn er fyrst og fremst að kanna aðbúnað starfsmanna á vinnumarkaði og fylgjast með þróun á viðhorfi þeirra til helstu þátta í innra starfsumhverfi fyrirtækjanna. Niðurstöðurnar nýtast VR í kjarabaráttunni og renna fleiri stöðum undir starfsemi félagsins og þjónustu.

Könnunin í ár náði til um 35 þúsund starfsmanna á hinum almenna vinnumarkaði og voru svör rúmlega tólf þúsund. Gallup sá um framkvæmd könnunar VR á Fyrirtæki ársins 2018 sem og úrvinnslu niðurstaðna. Ítarlega er fjallað um könnun VR á fyrirtæki ársins á vef félagsins, www.vr.is. 



STARFSMENNTASJÓÐIR

– Fyrir hverja og til hvers?

Starfsmenntasjóðirnir SVS og SV voru settir á fót í þeim tilgangi að auðvelda félagsmönnum að auka hæfni sína á vinnumarkaði. Sjóðirnir eru sameign stéttarféлага og atvinnurekenda, en samið hefur verið um að atvinnurekendur greiði vegna starfsmanna sinna í sjóðinn og stéttarfélögin greiða móttframlag. Við það myndast réttindi félagsmanna í sjóðnum sem eru að hámarki 130.000 kr. styrkur á hverju almanaksári, eða 90% af greiddum reikningi. Ef styrkurinn er ónýttur í þrjú ár þá er möguleiki á því að sækja um uppsafnaðann styrk að hámarki 390.000 kr. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er að hvetja félagsmenn til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með því að sækja sér fræðslu

og aukna menntun. Hægt er að sækja um styrk vegna hvers kyns háskóla- eða framhaldsskólanáms, námskeiða sem efla hæfni í starfi, stjórnendabjálfunar/ starfstengdrar markþjálfunar, tungumálanámskeiða, náms sem veitir réttindi, sjálfstyrkingarnámskeiða sem og starfstengdra netnámskeiða eða áskriftar að vefsíðu/ efnisveitu. Hver og einn ber ábyrgð á sinni eigin starfsþróun en VR og starfsmenntasjóðirnir eru til staðar fyrir þá sem vilja nýta sér þá og auka hæfni sína.

Undanfarin misseri hafa hraðar tæknibreytingar og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn verið mikið í umræðunni. Í tengslum við slíkar breytingar hafa ýmsir sérfræðingar

og stofnanir gefið út lista yfir hæfni sem er og mun verða eftirsótt á vinnumarkaði í framtíðinni. Á þessum listum er til dæmis að finna hæfni til að leysa flókin vandamál, gagnrýna hugsun, sköpun, mannauðs- stjórnun, getu til samhæfni með öðrum, tilfinninga- greind, ákvarðanatöku, þjónustulund, samningatækni og sveigjanleika. VR hefur ráðið náms- og starfsráðgjafa sem hægt er að bóka viðtal hjá án allrar skuldbindingar. Félagsmenn eru hvattir til þess að nýta sér styrki starfsmenntasjóðanna eða tala við náms- og starfsráðgjafa ef óvissa ríkir um fyrstu skrefin í starfsþróun. VR

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGS OG FYRIRTÆKIS

Einstaklingar sækja um styrk til VR eða síns stéttarfélags innan LÍV.



KOSTNAÐUR

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.



REIKNINGUR

Það skiptir ekki máli hvort fyrirtæki eða einstaklingur greiðir reikninginn.



UMSÓKN

Einstaklingur sækir um styrkinn til VR eða stéttarfélags innan LÍV og sendir yfirlýsingu fyrirtækis með umsókn. Í yfirlýsinguinni frá fyrirtæki skal koma fram að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun starfsmannsins.



AFGREIÐSLA

Miðað er við 50/50 við afgreiðslu sameiginlegs styrks en ef félagsmaður á uppsöfnun þá er hún nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.



ÚTBORGUN

Styrkur greiðist inn á reikning félagsmanns og einnig inn á reikning fyrirtækis.



UPPHÆÐ STYRKIS

Styrkur er aldrei hærri en 90% af námsgjaldi – hámark 130.000 kr. á hvern nema í uppsöfnun einstaklings, þá 390.000 kr. til einstaklings og hámark 130.000 kr. til fyrirtækis en þó aldrei hærri en 90% af námsgjaldi.

STYRKIR FRÁ STARFSMENNTASJÓÐI KOMA SÉR VEL ...

Árið 2017 fengu rúmlega 7.000 félagsmenn greiddan styrk úr starfsmenntasjóði og er Kristín Einarsdóttir ein þeirra. Félagsmenn sem eru 25 ára og yngri eru duglegastir að nýta starfsmenntasjóðinn, en á árinu 2017 voru þeir tæplega 3.000 sem fengu greiddan styrk úr sjóðnum. Eyþór Jón Þórsson er einn úr þeim hópi en það tók hann tíma að finna sjálfstraustið til þess að hefja nám aftur eftir hlé og klára stúdentsprófið. María Reynisdóttir er ein af tuttugu manna hópi sem hóf Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í janúar 2018. Námið fór af stað að frumkvæði starfsmenntasjóða sem stóðu á bakvið þróun þess og er það liður í að efla störf í verslun og þjónustu. Nýr hópur verður tekinn inn í vor og er umsóknarfrestur til 15. júní. Við forvitnumst um það hvers vegna þessir þrír félagsmenn VR ákvaðu að fara í nám og hvernig þeim tókst að samræma nám, vinnu og fjölskyldulíf.



KRISTÍN EINARSDÓTTIR

Fasteignasali

Við hvað starfar þú?

Ég er löggiltur fasteignasali og vinn hjá Domusnova fasteignasölu.

Hvaða nám hefur þú stundað?

Veturinn 2014-2015 var ég í námi hjá Endurmenntun HÍ í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Ég hóf nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands í febrúar 2016 og útskrifaðist þaðan sem löggiltur fasteignasali í febrúar síðastliðinn.

Getur þú lýst því hvað það var sem olli því að þú ákvaðst að stíga skrefið?

Ég var að skipta um starfsvettvang og vildi hafa þekkingu til að standa mig vel í starfi.

Hvernig studdi fyrirtækið sem þú vinnur hjá þig í þessari ákvörðun?

Ég fékk mikla hvatningu frá yfirmönnum mínum og ekki síður samstarfsfélögum en nokkur þeirra voru samferða mér í náminu.

Að fara í nám á fullorðinsaldri getur verið krefjandi þar sem maður hefur oft mörgum skyldum að gegna, t.d. fjölskyldu, vinnu, vinum og áhugamálum. Getur þú lýst því hvernig þú tókst á við þá áskorun?

Fjölskyldan var mjög tillitssöm og maðurinn minn stóð eins og klettur við bakið á mér og hvatti mig áfram. Það er líka spurning um að setja hlutina í rétta forgangsröð.

Hverju fannst þér námið skila fyrir þig persónulega?

Ég fór svo sannarlega langt út fyrir þægindarammann og oft var hnútur í maganum þegar kom að prófum en sérhvert próf var sigurganga. Ég get ekki neitað því að ég er stolt af sjálfri mér fyrir að hafa tekið þessari áskorun og sigrað sjálfa mig.

En hverju fannst þér námið skila fyrir þig í tengslum við starf þitt?

Það er engin spurning að námið er undirstaðan fyrir starfið. Sambland af verklegri og bóklegri reynslu er happadryggt og skilar mestum árangri.

Hvernig nýttist Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks þér við fjármögnun námsins?

Starfsmenntasjóðurinn létti sannarlega undir bagga því nám eins og ég stundaði kostar tæpa milljón og það munar svo sannarlega um að fá styrk upp á nokkur hundruð þúsund.

Hvernig vilt þú hvetja aðra í svipaðri stöðu til þess að stíga skrefið og fara í nám?

Fullorðið fólk á ekki að telja sér trú um að það geti ekki lært. Það geta allir lært sem vilja. Aukið nám skapar aukin tækifæri til fjölbreyttari vinnu og meiri tekna. Ótal námsleiðir eru í boði sem hafa þann tilgang að víkka sjóndeildarhringinn. Starfsmenntasjóðurinn hjálpaði mér að ná markmiðinu og fyrir það er ég þakklát.

EYÞÓR JÓN ÞÓRSSON

Starfsmaður á veitingastaðnum TGI Friday's.

Við hvað starfar þú?

Ég starfa í eldhúsi á veitingastaðnum TGI Friday's.

Hefur þú farið í nám?

Já. Ég hafði oft farið í og úr framhaldsskóla sem skilaði ekki miklum árangri, áður en ég hóf nám á Bifröst.

Hvað lærðir þú?

Ég fór í háskólagátt í háskólann á Bifröst sem er undirbúningsnám fyrir nám á háskólastigi.

Getur þú lýst því hvað það var sem olli því að þú ákvaðst að stíga skrefið?

Mig hafði lengi langað til þess að fara aftur í skóla og klára stúdentspróf eða einhvers konar undirbúningsnám til þess að komast síðar inn í háskóla. Einnig fékk ég góða hvatningu frá fjölskyldu og vinum sem hjálpaði mér mikið.

Hvernig studdi fyrirtækið, sem þú vinnur hjá, þig í þessari ákvörðun?

Fyrirtækið sýndi mér góðan stuðning. Ég gat sett upp vaktirnar mínar þannig að ég hafði nægan tíma til þess að læra og sinna skólanum.

Að fara í nám á fullorðinsaldri getur verið krefjandi þar sem maður hefur oft mörgum skyldum að gegna, t.d. fjölskyldu, vinnu, vinum og áhugamálum. Getur þú lýst því hvernig þú tókst á við þá áskorun?



Til að byrja með gat verið erfitt að finna tíma fyrir þetta allt saman en lausnin við því er að skipuleggja sig vel. Þegar ég var kominn með gott skipulag og námið var orðið hluti af hversdeginum, þá varð þetta með tímanum auðveldara.

Hverju fannst þér námið skila fyrir þig?

Þetta var áskorun sem mig hafði lengi langað að klára og ég er mjög ánægður með sjálfan mig að hafa gert það. Það gaf mér líka mikla hvatningu í að halda áfram frekara háskólanámi.

En hverju fannst þér námið skila fyrir þig í tengslum við þitt starf?

Námið tengdist starfinu mínu í rauninni ekki mikið.

Hins vegar fékk ég góða grundvallarþekkingu sem hjálpar við flest öll störf.

Hvernig nýttist Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks þér við fjármögnun námsins?

Hann nýttist mér mjög vel. Ég gat notað sjóðinn til þess að borga stóran part af námskostnaðinum sem hjálpaði mér mikið fjárhagslega.

Hvernig vilt þú hvetja aðra í svipaðri stöðu til þess að stíga skrefið og fara í nám?

Fyrsta skrefið er oft erfiðast, en um leið og þú ert kominn yfir það þá fer þetta hægt og rólega að ganga betur og með því byggist sjálfstraustið upp. Það er heldur aldrei of seint að fara í nám.



MARÍA REYNISDÓTTIR

Verslunarstjóri hjá Bestseller.

Af hverju valdir þú þetta nám?

Ég hef unnið sem verslunarstjóri í 4 ár og langaði að auka við þekkingu mína á því sviði og einnig að auka möguleikana á að víkka út starfsvið mitt í framtíðinni.

Stenst diplómanámið væntingar þínar?

Já, tvímælaust. Ég er ánægð með innihald námsins og uppsetningu þess.

Hvaða ráð myndir þú gefa þeim sem leita til þín varðandi námið?

Að láta slag standa ef þeim líst vel á þetta.

Hvernig gengur að samræma vinnu, fjölskyldu og nám?

Það gengur vel þar sem ég á stálpuð börn sem eru orðin tillitlulega sjálfstæð. Ég fæ stuðning og sveigjanleika bæði heima og frá vinnuveitanda sem hjálpar mikið því þetta er mikil vinna sem krefst tíma og skuldbindingar.

Hverjir eru helstu kostirnir við námið?

Þetta er bein viðbót við starf mitt sem ég get strax byrjað að nýta mér. Ég er sífellt að gera mér betur grein fyrir því hvernig starfsemi fyrirtækis, eins og þess sem ég starfa hjá í dag, gengur fyrir sig.



NÝTT DIPLÓMANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

60 ECTS eininga nám með vinnu

Samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst,
Háskólans í Reykjavík, SVS og SV

Námið er tveggja ára dreifnám með vinnu og eru grunnáfangar þess Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun, Kaupmennska, og Verslunarréttur sem eru sérstaklega hannaðir fyrir nám í verslunarstjórnun. Einnig taka nemendur áfanga í rekstrarhagfræði, stjórnun, mannauðsstjórnun, þjónustustjórnun og reikningshaldi ásamt einum valáfanga sem nú þegar eru kenndir til BS gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Hægt er að sitja áfangana þar sem námsmanni hentar, hvort sem er í staðnámi í HR eða í fjarnámi frá Bifröst.

Námið byggir á ítarlegri greiningu á starfi verslunarstjóra og veitir góðan grunn í viðskipta- og verslunarrekstri.

Hluti af náminu verður í formi vinnustofa þar sem stjórnendur úr atvinnulífinu greina frá því helsta sem er að gerast í starfsgreininni. Sérstakur náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendahópnum og veitir ráðgjöf.

Umsóknarfrestur er til **15. júní**. Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á www.starfsmennt.is

Þróun og greiningarvinna verkefnisins um fagháskólanám var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.



OKURLEIGA Á ÍSLENSKUM LEIGUMARKAÐI

VR hefur á undanförunum vikum óskað eftir gögnum og sögum fólks af leigumarkaðnum þar sem leiga viðkomandi hefur hækkað óeðlilega mikið. Félagið vill með þessu vera málsvari leigjenda sem hafa orðið fyrir þeirri glórulausu græðgi sem viðgengist hefur á leigumarkaðnum undanfarið. Svörin hafa ekki látið á sér standa en þegar þetta er skrifað hafa 60 sögur borist skrifstofu VR, þar af 33 sögur með gögnum s.s. leigusamningar og samskipti við leigufélög.

Eftirfarandi eru fjögur dæmi af sögum sem hafa verið sendar til félagsins en þær birtast hér nafnlausar til verndar hlutaðeigandi aðila.

41% hækkun

Leigjandi skrifaði undir leigusamning á húsnæði hjá Íbúðalánasjóði í mars 2017. Þá var leigan 155.000 kr. Við endurnýjun leigusamnings nú í vor hækkaði leigan í 220.000 kr. sem gerir 41% hækkun.

35% hækkun

Leigjandi hefur á leigu íbúð hjá Almenna leigufélaginu. Við endurnýjun leigusamnings í mars sl. hækkaði leigan úr 103.400 kr. í 140.400 kr. sem gerir 35% hækkun. Þar að auki þarf leigjandi að greiða tryggingu upp á 280.000 kr.

50% hækkun

Leigjandi býr í stúdíóíbúð í Fossvogi. Í byrjun maí sl. hækkaði leigan úr 83.000 kr. í 125.000 kr. sem gerir 50% hækkun.

70% af útborguðum launum

Leigjandi hefur á leigu 3ja herbergja íbúð hjá Heimavöllum. Leigan er 220.000 kr. á mánuði auk byggingarvísitölu. Viðkomandi er grunnskólakennari með 490.000 kr. í mánaðarlaun fyrir skatta og gjöld. Leigjandi borgar nálægt 70% af útborguðum launum í húsaleigu.

**Hefur leigan þín hækkað óeðlilega mikið?
Sendu okkur þína sögu og gögn á vr@vr.is
Fullum trúnaði heitið.**





ÁKVAÐ AÐ TAKA STÖKKIÐ

Viðtal við Ragnar Þór Ingólfsson formann VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, er fæddur í Reykjavík þann 17. maí árið 1973, en þann sama dag er íþróttafélagið Leiknir í Breiðholti stofnað. Ragnar Þór ber sterkar taugar til hverfisins enda uppalinn Breiðhylltingur. Hann lærði snemma að svara fyrir sig, lágvaxni strákurinn sem kom sér oftast í vandræði en úr þeim með látunum. Fjóla Helgadóttir settist niður með Ragnari Þór og spurði hann út í æskuna, fyrsta starfið og hvers vegna hann bauð sig fram til formanns hjá stærsta stéttarfélagi landsins.

ÚR BREIÐHOLTINU

„Fyrstu æskuárin bjuggum við fjölskyldan á Írabakknum í neðra Breiðholti en við fluttum þegar ég var mjög ungur upp í efra Breiðholt, í Austurbergið. Það var alveg ævintýrlegt að fá að alast upp í Breiðholti á þessum tíma. Þaðan á ég stóran og góðan vínahóp sem heldur ennþá þétu sambandi í dag. Það sem er svo frábært við Breiðholtið er að það er allt innan hverfisins. Það er öll þjónusta í göngufæri, verslun, skóli, fjölbrautarskóli, sundlaug, bókasafn, tónlistarskóli, íþróttahús og svo mætti áfram telja. Krakkar þurfa ekki að leita út úr hverfinu til að komast í sitt tólmstundastarf. Þetta er líka svona í Árbænum þar sem ég bý núna og ég finn mikla samsvörun þar með Breiðholti,

það er þessi góða uppbygging hverfisins og nálægðin við náttúruna sem er svo frábær. Við unnum við það í unglingsvinnunni að gróðursetja trén og þann skóg sem er komin upp í brekkunum í kringum Breiðholtið, í þá daga var þetta bara auðn. Svo var stutt í indíánagilið í Elliðaárdalnum, það voru farnar ófáar ævintýraferðirnar þangað. Þegar maður elst upp í stóru hverfi og er með þeim minnstu í bekknum, þá þarf maður oft að hafa munninn fyrir neðan nefið og ég hef verið þekktur fyrir það að kjafta mig út úr alls konar aðstæðum, og líka í alls konar aðstæðum! Ég var frekar seinþroska, byrjaði ekki að stækka fyrir en ég var um 17 ára svo ég var töluvert lægri í loftinu en hinir. Ég var kallaður Raggi litli en það fór aldrei í taugarnar á mér enda svo sem ekkert verra viðurnefni miðað við margt annað sem fólk var kallað.“

DÚX Í FÉLAGSLÍFINU

„Pabbi minn heitir Ingólfur Jónsson og var bifreiðastjóri hjá Ölgerðinni í 25 ár og starfaði síðustu ár í innkaupum og sölu hjá Búr sem er í eigu Innnes. Mamma heitir Dagný Guðmundsdóttir og starfaði í 40 ár sem sjúkraliði á Barnaspítalanum og svo á bráðamóttöku barna en þau eru bæði nýlega hætt að vinna. Þegar ég var krakki var ekki óalgengt þegar langveik börn voru

að koma til Reykjavíkur til meðferðar að starfsfólkið tók að sér börnin og voru kannski að passa meðan foreldrararnir þurftu að útrétta eða annað og mér fannst alltaf gaman þegar börn voru í heimsókn heima hjá okkur og ég lék mér við mörg þeirra. Svo var toppurinn að fá að fara á sumrin með pabba á bílnum, mig minnir að það hafi verið farið til Akraness á mánudögum og til Keflavíkur á þriðjudögum og lengri túrarnir eins og á Snæfellsnesið og á Kirkjubæjarklaustur voru farnir á fimmtudögum af því að þá þurfti kannski að gista. Maður fékk að gefa krökkunum límmiða þegar maður kom í plássin þegar þau hópuðust að bílnum og það fannst manni alveg æðislegt sport. Svo spillti ekki fyrir að maður fékk náttúrulega nóg af gosi og lakkrís en þeir keyrðu líka út fyrir lakkrísgerðina Drift og Ingólfur gamli sem átti lakkrísgerðina gaf manni oft poka af lakkrísendum og afskurði.

Mamma og pabbi áttu sitthvora dótturina áður en ég kom til sögunnar og við Vigdís systir ólumst upp saman en Harpa systir ólst upp á Höfn í Hornafirði. Ég held það sé alveg óhætt að segja að þær hafi fengið allt það besta sem hægt er að fá. Þær eru yndislegustu manneskjur sem ég þekki en ég held aftur á móti að ég hafi fengið aggressívu genin. Þær eru báðar mjög vel menntaðar og eru örugglega með fleiri háskólagráður en Georg Bjarnfreðarson! Þær eru tvímælaust fyrirmyndir mínar í lífinu ásamt mömmu og pabba. Ég var mjög fyrirferðarmikill sem krakki og hef líklega verið eins og slæm umgangspóst að búa með, sérstaklega fyrir eldri systur. Ég hefði sjálfsagt fengið einhverjar greiningar ef það hefði verið komið á þessum tíma. Ég byrjaði ungur að spila á potta og tromma með barbidótinu hennar Dísu systur og fékk góða útrás með því svo foreldrar mínir keyptu handa mér trommur

sem voru settar út í bílskúr. Ég var í bílskúrsböndum á unglingsárunum og tók nokkur stig á slagverk í FÍH. Tónlist hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu en ég kenndi sjálfum mér að spila á gítar og píanó.

Ég fór í Fjölbrautarskólann í Breiðholti eftir 9. bekkinn en kláraði ekki. Ég var miklu virkari í félagslífinu heldur en nokkurn tímann í náminu, sat í nemendaráði og fullt af nefndum og hafði einnig gert þegar ég var í Hólabrekkuskóla. Ef ég hefði átt að útskrifast eða brillera sem dúx í einhverju þá hefði það verið í félagslífinu. Ég var í skemmtinefndinni, spilaði í skólahljómsveitum og sat í útvarpsnefnd þegar Útrás, útvarpsstöð framhaldsskólanema, var komið á laggirnar. Ég var góður í því sem ég hafði áhuga á, stærðfræðinni og raungreinunum en annað komst ekki inn á radarinn. Ég hefði alveg getað klárað námið en ég hafði bara ekki áhugann og þetta átti bara ekki við mig. Ég hef verið duglegur að lesa mér til og kynna mér það sem ég hef áhuga á og þó ég hafi ekki gráðu held ég að ég sé ekkert illa að mér í mörgu af því sem er að gerast í okkar þjóðfélagi og ég hef alltaf passað mig á að kynna mér hlutina vel og vera ekki að mynda mér skoðun nema þekjja vel til.“

VERKSTÆDISSTRÁKUR VERÐUR SÖLUSTJÓRI

„Þegar ég er að flosna upp úr framhaldsskólanum, í kringum 1992, fer ég að vinna með skólanum í Erninum. Fyrsta sumarið var ég að vinna á verkstæðinu og við vorum oft að gera við langt fram eftir kvöldi og næturlangt stundum. Svo fór ég að setja saman hjól og eftir tvö, þrjú sumur minnir mig, fékk ég að leysa aðeins af í búðinni og þá komu svolítið í ljós mínir hæfileikar, að eiga í samskiptum við fólk og þessi sölu-mennska sem virtist mér í blóð borin. Áður en leið á löngu var ég orðinn fastur í búðinni sem mér fannst ofboðslega skemmtilegt. Svo vann ég mig upp í sölustjórastöðu, ég fer að panta inn vörur og fyrirtækið stækkar og búðin og það verður mikil uppbygging. Þetta var ótrúlega góður tími og gaman að fá að taka þátt í þessu. Jón Pétur og Jóna, eigendur Arnarins, eru alveg ofboðslega duglegt fólk og heiðarlegt og ég lít á þau sem mína aðra fjölskyldu, mér þykir ótrúlega vænt um þau og fyrirtækið auðvitað líka.

Ég fer að skrifa um lífeyrissjóðakerfið í kjölfar vinamissis árið 2007 og í framhaldi af því býð ég mig fram til stjórnar VR árið 2009. Ég tók þátt í búshaldabyltingunni og var virkur í grasrótinni eftir hrún. Ég vann hjá Erninum í næstum 25 ár, það vantaði bara nokkra mánuði upp á þegar ég hætti. Á þessum tímamarki þurfti ég bara að hrökkva eða stökkva og ég ákvað að taka stökkið. Ég var búinn að vera í stjórn VR í átta ár og ég var búinn að tala fyrir því að það væri hámarks-tími sem hægt væri að sitja í svona stjórnnum. Ef þú nærð ekki þínum markmiðum á þessum tíma þá er bara tímabært að hleypa öðrum að. En ég var heldur ekki alveg tilbúinn til þess að hætta og ákvað því að bjóða mig fram til formanns VR. Ég hefði aldrei fyrir-gengið sjálfum mér ef ég hefði ekki farið í þessa baráttu og vitað af þessu handónýta kerfi sem væri að vinna gegn möguleikum barnanna minna þegar þau eru orðin uppkomin. Skilaboðin til þeirra eru og verða: „Ég reyndi allt sem ég gat til að breyta þessu kerfi“. Vonandi tekst mér það og ef það tekst ekki þá get ég allavega sagt að ég reyndi allt og ég gaf mig allan í það og það eru skilaboð sem ég vil senda fólki almennt. Við erum ósigrandi ef við stöndum saman. Við erum landið og þjóðin, ekki einhverjar fámennar klíkur. Ég er líka



Ég fór í Fjölbrautarskólann í Breiðholti eftir 9. bekkinn en kláraði ekki. Ég var miklu virkari í félagslífinu heldur en nokkurn tímann í náminu, sat í nemendaráði og fullt af nefndum og hafði einnig gert þegar ég var í Hólabrekkuskóla. Ef ég hefði átt að útskrifast eða brillera sem dúx í einhverju þá hefði það verið í félagslífinu.




bara venjulegur maður og ég gæti ekki verið í þessari stöðu sem ég er í ef ég tæki inn á mig mótlæti. Það hefur engin áhrif á mig og snertir mig ekki neitt að fólk kalli mig öllum illum nöfnum eða gagnrýni mig. Ég sef allavega eins og ung barn á næturna.“

TAPAÐI ATKVÆÐAGREIÐSLUNNI UM HUNDINN

„Ég á þrjú börn með fyrrum sambýliskonu minni, Guðbjörgu, og tvö fósturbörn en sambýliskona mín, sem vill svo skemmtilega til að heitir einnig Guðbjörg, átti tvö börn fyrir okkar samband. Þetta er svona hefðbundið blandað fjölskyldumynstur. Daði Már er að verða 18 ára í júní, Daniel Dúi er 14 ára, Logi er 10 ára, Sóley er 9 ára og Emma Lísar er 6 ára. Svo púslum við þessu saman eins og gengur og gerist með svona blandaðar fjölskyldur. Þetta getur verið áskorun en

hefur gengið merkilega vel. Það eina sem við Guðbjörg eigum saman er lítill hundur sem heitir David Bowie, kallaður Bowie. Ég vildi nú fyrst ekki fá hund inn á heimilið en þetta var sett í atkvæðagreiðslu sem tapaðist sex á móti einum. Þannig að ég þurfti að fara eftir lýðræðislegri niðurstöðu og núna er Bowie bara einn af genginu. Guðbjörg mín er grunnskólakennari og er virk í starfi Vinstri grænna. Hún situr einnig í stjórn Kennarafélags Reykjavíkur svo að þessi pólitík er hálfsmítandi virðist vera. Við Guðbjörg hjólum mikið saman en það var óumflýjanlegt fyrir mig að smitast af hjólabakteríunni þegar ég var að vinna í Erninum. Ég hef ferðast mikið og hjólað erlendis og það er það skemmtilegasta sem ég geri. Við Guðbjörg höfum hjólað í Vattni í Svíþjóð þar sem er haldinn risastór hjólaviðburður. Þar er farin 300 km leið í einni beit og vorum við um 13 tíma að hjóla það. Svo höfum við hjólað í Króatíu með vinafólki okkar og höfum hjólað með vinum okkar upp í bústað en þangað eru um 130 km, tókum bara daginn í þetta og höfum gaman af. Svo hefur elsti strákurinn minn tekið þátt í WOW Cyclothon með Hjólakrafti og ég studdi það verkefni og fékk að taka þátt í því með Valda í Hjólakrafti í gegnum starf mitt hjá Erninum. Það er eitt af því skemmtilegasta sem ég hef tekið þátt í og er virkilega flott verkefni. Síðan stækkaði þetta og maður fylgdist með á hliðarlínunni. Við erum líka alveg í því að fara með yngri krakkana út að hjóla stífluhringinn. Það er yndislegt að geta farið héra örstutt heiman frá sér og vera komin út í náttúruna í Elliðaárdalnum. Svo er líka alveg geggjað að fara á fjallahjólina upp í Heiðmörk eða fara Reykjavíkurhringinn. Þegar ég byrjaði í hjólabransanum á sínum tíma þá gat ég talið þá sem hjóluðu á veturna á fingrum annarrar handar. Þeir voru það fáir að maður þekkti þá með nöfnum. Þetta voru taldir furðufuglar, fólk keyrði framhjá einhverjum sem var að nota hjól sem samgöngutæki og hugsaði bara „Vá, þessi er eitthvað skritinn!“. Það er því mikið gleðiefni að samgönguhjólreiðar séu orðnar þetta stórar á Íslandi og ég sé ekkert nema gott við það. Ég reyni sjálfur að hjóla stundum í vinnuna en það er aðeins erfiðara en ég reiknaði með út af öllum þessum fundum út og suður. Það er óhætt að segja að hjólreiðar séu mín hugleiðsla. Ég hef prófað hefðbundna hugleiðslu í einni hjólaferðinni úti í Asíu. Það var einn í hópnum sem var með hugleiðslu á hverjum morgni áður en við byrjuðum að hjóla en það átti ekki vel við mig, þá fyrst fer allt á yfirsýning þegar ég á vera að hreinsa hugann. En þegar ég er á hjólinu get ég kúplað mig út og tæmt hugann og fengið þessa langþráðu hvíld frá kollinum.“

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

„Framundan eru líklegast einar erfiðustu kjaraviðræður sem hafa átt sér stað í áratugi. Það þarf að eiga samtalið við stjórnvöld og atvinnulífið og óumflýjanlegt er líka uppgjör innan okkar raða til þess að það sé hægt að halda áfram. Ég vonast til þess að þessar gríðarlegu miklu breytingar sem hafa orðið á forystunni, þessi sögulegu tíðindi, verði til þess að þjappa saman hreyfingunni. Það eru verkefni næstu missera að þetta raðirnar og láta uppgjörinu fara fram. Hugsanlega verður það ekki fyrr en í haust á næsta ASÍ þingi, en það væri best ef það væri eins fljótt og hægt er. Þannig er hægt að vinna að nýjum áherslum og nýr hópur geti fengið vinnufrið til þess. Þá er einnig mikilvægt að fá áheyrn hjá ríkisstjórninni og Samtökum atvinnulífsins svo við getum mögulega náð langtímasamningi fyrir áramót, án átaka. Það væri draumurinn.“ 

ALÞJÓÐLEGUM BARÁTTUDEGI VERKALÝÐSINS FAGNAÐ

VR stóð fyrir upphitun fyrir kröfugönguna þann 1. maí með hátíðarhöldum og fjölskylduhlaupi á Klambatrúni. Eva Ruza og Jónsi í Svörtum fötum hituðu mannskapinn upp fyrir fjölskylduhlaupið með kröftugum dansi og tóku svo á móti hlaupurunum í markinu og afhentu verðlaunapeninga. Eftir hlaupið var boðið upp á grillaðar pylsur og grænmetisbulsur og þá tók við skemmtidagskrá með Páli Óskari og Friðriki Dór fremstum í flokki. Gestum bauðst að grípa með sér kröfuspjöld til að taka með í kröfugönguna en eftir skemmtidagskrána marseraði öll hersingin frá Klambatrúni niður á Hlemm við taktfastan undirleik Lúðrasveitar verkalyðsins.

VR þakkar öllum sem komu og tóku þátt í hátíðarhöldunum með okkur.

„Þegar VR hafði samband og bað mig um að hita upp fyrir 1. maí gönguna á Klambatrúni, þá vissi ég strax að ég yrði að taka lög sem passa tilefninu. Mér fannst vel við hæfi að taka til dæmis „Einn dans“, sem er um vonina, og „Ég er eins og ég er“ sem er um sjálfsvirðinguna. Til að krefjast jafnari kjara og réttlætis þarf sjálfsvirðing manns að vera í lagi. Enga meðvirkni. Og ef maður vill sjá dag réttlætis renna upp þá má maður aldrei missa vonina.“ - Páll Óskar

„Það var mjög gaman að koma fram fyrir VR á 1. maí. Stemningin var góð og dagskráin glæsileg. Til fyrirmyndar!“ - Friðrik Dór





GÓÐAR SÖGUR Á ELLIHEIMILINU

Eva Ruzu þekkjast flestir en hún er vinsæll skemmtikraftur og fylgjast um 10 þúsund manns með ævintýrum hennar á Snapchat. Eva hélt uppi stuðinu þann 1. maí sl. þegar VR stóð fyrir fjölskylduhlaupi og upphitun fyrir kröfugönguna.

„Þetta var svo ótrúlega vel heppnaður dagur og virkilega gaman að fá að taka þátt í þessu með VR og þeim sem komu fram. Friðrik Dór og Páll Óskar eru náttúrulega ótrúlega góð blanda og það elska þá auðvitað allir, bæði börn og fullorðnir. Mér finnst alveg sérstaklega gaman að fá að skemmta krökkum, þau eru alltaf svo einlæg og til í allt. Ég vissi ekki alveg við hverju ég átti að búast, ég hef ekki tekið virkan þátt í hátíðarhöldum á þessum degi í gegnum tíðina og hef ekki farið í kröfugöngu, þó að ég vilji að sjálfsgöðu að allir hafi jafnan rétt. En þetta var alveg ógeðslega gaman! Við vorum líka heppin með veður og ég var í raun hissa hvað það komu margir því það hafði verið haglél tíu mínútum áður en dagskráin átti að byrja en sem betur fer rættist úr veðrinu. Sjálf er ég búin að vera með stjórnur í augunum yfir Páli Óskari síðan ég var 13 ára og þegar ég fermdist var mamma alvarlega að spá í að fá hann til að koma og stökkva upp úr kóku en þá var hann akkúrat á leiðinni að keppa í Eurovision og komst sem sagt ekki í ferðinguna mína! Ég hef komið nokkrum sinnum fram þar sem hann er að skemmta og mér finnst alltaf jafn óraunverulegt að fá að kynna hann inn á svið, upphaldið mitt!

Það eru um þrjú ár síðan ég opnaði Snapchat reikninginn minn. Ég prófaði bara af því allir voru allt í einu komnir með þetta, alveg týpísk íslensk hjarðhegðun. Ég vissi ekki að það væri hægt að vera með læstan Snapchat reikning og ég kunni ekki einu sinni að eyða út úr Story eða neitt. Fólki hefur greinilega líkað vitleysan í mér því að ég er yfirleitt með svona 10 þúsund manns sem fylgjast með mér þarna inn á. Ég var kynnr í Color Run hlaupinu fyrstu tvö árin sem það var haldið hér á landi og fyrsta árið stóð ég á sviði fyrir framan

12.000 manns alveg í essinu mínu og brjálæðislega sátt við 60 fylgjendurna sem ég var komin með. Ég er á öllum þessum samfélagsmiðlum en persónulega finnst mér Snapchat skemmtilegasti miðillinn þó ég noti líka Instagram, en þangað set ég aðallega fréttir af fræga fólkinu frá Hollywood. Ég er líka að skrifa um Hollywood inn á krom.is og hef gert síðastliðinn tvö ár. Þegar ég gerðist pistlahöfundur hjá krom.is tók ég þá ákvörðun að skrifa bara um fræga fólk og eingöngu þau þar sem áhugasvið mitt í bloggskrifum liggur þar og tóku eigendur krom.is þeim skrifum fagnandi.“

„ÞÚ HRINGIR ALDREI Í MIG!“

„Mamma hringir stundum í mig og kvartar yfir því að ég nenni aldrei að tala við hana í símann á kvöldin. Ég bara: „Mamma, við vinnum saman allan liðlangan daginn og ég hringi í þig sirka 150 sinnum á dag!“ Mamma, Laufey K. Miljevic, á og rekur blómabúðina Ísblóm á


Fólki hefur greinilega líkað vitleysan í mér því að ég er yfirleitt með svona 10 þúsund manns sem fylgjast með mér þarna inn á. Ég var kynnr í Color Run hlaupinu fyrstu tvö árin sem það var haldið hér á landi og fyrsta árið stóð ég á sviði fyrir framan 12.000 manns alveg í essinu mínu og brjálæðislega sátt við 60 fylgjendurna sem ég var komin með.

Háaleitisbrautinni og hefur gert síðastliðinn 20 ár. Ég hef unnið hjá henni síðan ég var 16 ára, byrjaði að koma kannski tvisvar í viku eftir skóla en eftir að ég útskrifaðist úr Menntaskólanum í Kópavogi hef ég unnið þar í fullri vinnu. Ég hef aldrei hætt í blómabúðinni þó ég hafi gert ýmislegt með. Ég hef unnið sem flugfreyja og ég lærði líka einkaþjálfarann og vann við það í stuttan tíma og þó mér hafi fundist hvort tveggja mjög skemmtilegt þá kölluðu blómin samt alltaf á mig. Það eru líka algjör forréttindi að fá að vinna með mómmu og það er henni að þakka að ég get elt draumana því að skemmta fólki er það skemmtilegasta sem ég geri. Ef ég fæ spennandi verkefni kveður mamma mig bara með bros á vör og veit að ég kem aftur þegar því er lokið, alveg topp yfirmaður myndi ég segja! Þegar ég átti tvíburana mína árið 2009 þurfti ég reyndar að vera frá vinnu í blómabúðinni í tvö ár en það var vegna þess að þau fengu ekki systkinaafslátt hjá dagmómmunni, sem er reyndar efni í allt annað viðtal! Til að gera langa sögu stutta þá áttu tvíburarnir ekki að fá systkinaafslátt vegna þess að þetta var aðeins ein meðganga, svona eins og tíðkast yfirleitt með tvíbura! Að mínu mati geta systkini ekki orðið mikið skyldari en tvíburar en þarna voru einhverjar illa skrifaðar reglugerðir að verki og lítið virtist vera hægt að gera í málinu en systkinaafslátturinn vegur auðvitað ansi þungt þegar upphæðirnar eru orðnar þetta háar. Ég fékk þó þarna ómetanlegan tíma með börnunum og þegar ég lít til baka hefði ég auðvitað ekki viljað hafa þetta neitt öðruvísi.

Tvíburana, þau Marinu Mist og Stanko Blæ á ég með eiginmanni mínum, Sigurði Þór Þórssyni, en við Siggie erum búin að vera kærustupar í 18 ár og gift í 11. Ég er mjög vel gift þó ég segi sjálf frá en hann Siggie minn hvetur mig áfram í því sem ég er að gera og er alltaf tilbúinn þegar ég þarf að hendast út á land að skemmta. Ég var að skemmta á Siglufirði um daginn og ég hugsaði með mér: „Vá, veit fólk á Siglufirði hver ég er?“ Ég á það til að gleyma því að fólk geti þekkt mig út á götu. Mér finnst það alltaf mjög skritin þæling. Ég tek því aldrei sem sjálfsgöðum hlut að fá að koma fram og að fólk vilji fá mig til að skemmta og gef mig alltaf 150% í þá viðburði og skemmtanir sem ég tek að mér. Ég verð allavega með góðar sögur á elliheimilinu eftir allt þetta!“

ÍTÖLSK STEMMNING Í KÓPAVOGI

„Pabbi minn, Stanko Miljevic, er frá Króatíu og flytur til Íslands þegar hann er 19 ára og kynnist mómmu nokkrum árum seinna. Pabbi hefur átt og rekið Svarta kaffið á Laugaveginum síðan árið 2003 en Tinna, yngri systir mín, og Siggie minn aðstoða hann í daglegum rekstri. Tinna sér um starfsmannamálin en Siggie sér um innkaup og pantanir. Ég er viss um að þegar pabbi sest í helgan stein þá á hann eftir að vera eins og grár köttur þarna hjá þeim, sitjandi út í horni að tékka hvort þau séu ekki örugglega að gera þetta allt rétt!

Við erum alveg ótrúlega samheldin fjölskylda og búum öll nánast á sama blettinum í vesturbæ Kópavogs. Við Tinna systir búum í sama húsi, ég er á neðri hæðinni og hún á efri. Elsta systir okkar, Debbý, er í næstu götu við hliðina á og mamma og pabbi eru neðar í götunni og búa ennþá á æskuheimili okkar systra en afi okkar byggði einmitt það hús. Það er svona ítalskur fílingur í þessu hjá okkur, það vantar bara veðrið til að sitja öll saman út á verönd! Það væru örugglega margir orðnir geðveikir en ég myndi aldrei vilja breyta þessu, við þekkjum ekkert annað.“ 



LÍFIÐ ÞAÐ EINA SEM SKIPTIR MÁLI

Steinn Sigurðsson fékk alvarlega heilablæðingu í vinnunni að morgni 20. febrúar síðastliðinn. Röð tilviljana réði því að Steinn lifði af. Hann þakkar fyrrum yfirmanni sínum fyrir að hafa bent honum á að skrá sig í stéttarfélag.

„Ég átti smá hlut í fyrirtækinu sem ég starfaði hjá áður og það er ekki endilega venjan að eigendur séu í stéttarfélagi. Forstjórinn, Ragnar Guðgeirsson, spyr mig hvort ég vilji ekki vera í stéttarfélagi, þetta sé ákveðið öryggi og VR væri sérstaklega gott stéttarfélag. Ég segi bara „Já, ekkert mál, skráðu mig bara“ og svo hugsaði ég ekkert meira um þetta. Þetta var fyrir nokkrum árum.

Svo gerist það á þriðjudagsmorgni þann 20. febrúar sl. að ég mæti til vinnu í litla hugbúnaðarfyrirtækið sem við félagi minn, Sigurjón Hákonarson, vorum svo til nýbúnir að fjárfesta í og opnuðum í september á síðasta ári. Ég átti að vera á fundi úti í bæ en honum hafði verið frestað svo þess vegna var ég staddur niðri í vinnu þennan morgun. Ég stend þarna við tölvuna mína og allt í einu verður allt óskýrt á skjánum hjá mér

og ég hníg niður í stólinn minn og fer að svitna og mér verður rosalega flökurt. Ég segi við samstarfskonu okkar, Ástu Bærings, að það sé eitthvað mjög undar-

Ég átti smá hlut í fyrirtækinu sem ég starfaði hjá áður og það er ekki endilega venjan að eigendur séu í stéttarfélagi. Forstjórinn, Ragnar Guðgeirsson, spyr mig hvort ég vilji ekki vera í stéttarfélagi, þetta sé ákveðið öryggi og VR væri sérstaklega gott stéttarfélag.

legt í gangi og hún ákveður að hringja á sjúkrabíl. Sjúkrabilstjórnir koma og sjá mig þarna kófsveittan en á þessum tímamarki er ég byrjaður að æla í rusla-fötu. Þeir héldu alveg eins að ég væri að fá hjartaáfall en ég segi þeim að ég hafi verið með háan blóðþrýsting um nokkurt skeið og segi svo við þá að ég sé með mikinn verk aftan á höfðinu. Þeir átta sig alveg um leið hvað er að gerast og fara með mig beint út í sjúkrabíl og svo veit ég bara ekki hvað gerist næst.“

Vala, Valgerður Sigurðardóttir eiginkona Steins, grípur hér inn í frásögnina: „Sjúkrabílsstjórnir átta sig strax á alvarleikanum og virkja allt teymið upp í Fossvogi en þegar sjúkrabíllinn er að beygja niður í Fossvoginn þá missir Steinn meðvitund en blóðþrýstingurinn er þarna kominn yfir 300 í efri mörkum. Það var búið að

rýma skurðstofu og allt tilbúið svo hann var bara drifinn beint í aðgerð. Honum var haldið sofandi upp á gjörgæslu í nokkra daga eftir þetta. Þetta var ótrúleg röð tilviljana, að hann hafi ekki verið úti í umferðinni, eins og hann átti að vera, og að það hafi einhver verið hjá honum upp á skrifstofu sem gat hringt á sjúkrabíl. Það bjargaði honum líka að hafa verið staddur á skrifstofunni nálægt spítalanum því þeir sögðu við mig strax eftir aðgerðina að þetta hafi verið sekúnduspursmál í aðgerðinni. Það var komið svo mikið blóð inn í höfuðkúpuna og svo mikill þrýstingur á heilastofninn að þeir bara rétt náðu honum þarna á síðustu sekúndunum.

Svo man hann ekki neitt eftir þessu náttúrulega og á fimmtudeginum er hann vakinn upp á gjörgæslu og hann vaknar bara svona líka hress og ég búin að sitja yfir honum þarna grátandi í næstum þrjá sólarhringa með þvillikar áhyggjur enda var mér strax gerð grein fyrir því að ástandið væri mjög tvísýnt. Hann biður mig bara að sækja úlpuna sína og hvort við getum ekki farið að koma okkur!

STEINN: „Þá hélt ég að ég væri bara búinn að vera þarna í mesta lagi í hálf tíma.“

VALA: „Hann var lamaður öðru megin fyrst eftir aðgerðina og meira vissu lækarnir ekki. Ég hugsaði strax bara „Já flott, við reddum þessu, bara að hann sé á lífi, það er það eina sem skiptir máli“. Það er svo skrítið að vera í þessum aðstæðum, þegar einhver sem þú elskar veikist svona alvarlega, maður heldur svo fast í lífið að það er bara það eina sem skiptir máli.“

Strax daginn eftir var hann kominn með máttinn aftur í líkamann og mér hafði verið sagt að það gæti verið að hann þyrfti að vera í nokkrar vikur í öndunarvél en það þurfti sem betur fer ekki og þetta gekk allt alveg rosalega vel. Steinn var reyndar svolítið illa áttaður þarna fyrst og skildi ekki alveg alvarleikann, var alltaf á leiðinni heim.“

STEINN: „Það endaði með því að Vala tók í höndina á mér og leiddi hana að skurðinum sem ég er með niður eftir hægri hliðinni á höfðinu á mér. Þá áttaði ég á mig að það hafði eitthvað mikið gengið á. Ég var á spítalanum í þrjár vikur og lá svo eftir það bara heima því ég var mjög máttfarinn og kraftlaus. Ég fer þrisvar í viku í endurhæfingu á Grensás og gengur rosalega vel. Ég er bara að fá máttinn aftur núna en ég er ekki með neitt úthald, ég nenni ekki einu sinni að horfa á sjónvarp. Það er eiginlega þess vegna sem ég er óvinnufær, úthaldsleysið, en lækarnir eru að vona að ég geti farið að vinna aftur upp úr haustinu. Ég fer í þrjá til fjóra stutta göngutúra á dag núna.“


VALA: „Þetta er svolítið eins og fara út að ganga með afa sinn.“

STEINN: „Já Vala segir stundum við strákinn okkar „Ertu til í að fara út að viðra pabba þinn!“

VALA: „Hann var mjög viðkvæmur þegar hann kom fyrst hérna heim, lá mikið með púða yfir andlitinu og þoldi mjög illa allt áreiti, hann varð rosalega fljótt þreyttur og svaf mikið. Fljótlega eftir veikindin hellast yfir mig áhyggjur. Það voru að koma mánaðamót og ég hugsaði bara hvernig verður þetta allt, og hvernig verður framtíðin hjá okkur. Ég vissi að Steinn væri í VR svo að við höfðum samband þangað og frá fyrstu

stundu var viðmótið svo yndislegt og allt var svo lítið mál. Þetta skipti okkur gjörsamlega öllu máli því þarna var maður farinn að hafa áhyggjur af fjármálunum líka. Steinn fær 80% af laununum sínum greidd úr Sjúkrasjóði VR í allt að níu mánuði. Maður er alltaf smá skeptískur á að svona kerfi virki en þarna virkar kerfið betur en maður reiknar með. Við gerðum okkur ekki grein fyrir því hvað það væri rosalega sterkt að vera með svona á bakvið sig eins og Sjúkrasjóðinn. Þó maður hafi ekkert annað í stéttarfélag að gera þá er bara það að hafa svona öryggi sem skiptir svo miklu máli. Það ætlar engin að lenda í neinu svona, fólk hugsar alltaf „það kemur aldrei neitt fyrir mig“. En maður veit bara aldrei hvað gerist.“

STEINN: „Þetta gerist bara á einum morgni, það er enginn aðdragandi eða neitt. Ég er búinn að spyrja alla sem ég þekki hvort þeir séu ekki örugglega í stéttarfélagi. Ef ég hefði ekki verið í VR þá værum við í vöndum málum. Það er bara ekkert auðvelt þegar annar aðilinn dettur út og verður tekjulaus, það fer allt á annan endann. Ég upplífi ekkert nema gott viðmót og frábæra þjónustu alls staðar sem við höfum þurft að nota. Og ég er ekkert sérstakur, ég get ekki ímyndað mér annað en að allir fái sömu þjónustu.“

VALA: „Ég held að þegar við eigum eftir að líta til baka á þennan tíma þá eigum við eftir að hugsa hvað við vorum ótrúlega heppin og hvað þetta gekk í raun allt ótrúlega vel. Það var tekið svo vel á móti okkur alls staðar og allt var unnið af svo mikilli fagmennsku. Það var ekkert vesen. Maður ímyndaði sér einmitt að maður væri hlaupandi á milli staða og kæmi að lokuðum dyrum alls staðar. En það var nú ekki raunin. Lífið heldur áfram, reikningarnir hrúgast inn og það þarf auðvitað að vera til matur í ísskápnum fyrir krakkana. Það er svo mikilvægt þegar maður er í þessari stöðu að geta bara einbeitt sér að því sem máli skiptir.“ 

Steinn fær 80% af laununum sínum greidd úr Sjúkrasjóði VR í allt að níu mánuði. Maður er alltaf smá skeptískur á að svona kerfi virki en þarna virkar kerfið betur en maður reiknar með.



SJÚKRASJÓÐUR VR

- besta sjúkratrygging sem völ er á

Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkradagpeninga þegar launatekjur félagsmanns falla niður vegna veikinda. Ef félagsmaður VR verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss og hefur fullnýtt rétt sinn frá atvinnurekanda, getur hann fengið sjúkradagpeninga hjá Sjúkrasjóði VR sem nema 80% af launum hans í allt að 9 mánuði.

Sjúkrasjóður VR aðstoðar félagsmenn

- Sjúkradagpeningar eftir að veikindarétti lýkur – 80% af launum í allt að 270 daga.
- Slysadagpeningar vegna slysa í frítíma – 80% af launum.
- Slysabætur greiðast ekki ef bætur koma annars staðar frá vegna lögbundinna ábyrgðartrygginga.
- Sjúkradagpeningar vegna áfengismeðferðar – 80% af launum.
- Dagpeningar vegna alvarlegra veikinda maka – 80% af launum í allt að 90 daga.
- Styrkir, t.d. vegna tækniþróunar, örlitameðferðar og ferðakostnaðar vegna læknis eða tannlæknis.
- Örorkubætur vegna slyss í frítíma, um 20 milljónir kr.
- Dánarbætur.

Sjúkrasjóður VR aðstoðar foreldra

- Dagpeningar vegna veikinda barna, 80% af launum í allt að 270 daga.
- Styrkur upp í ferðakostnað vegna veikinda og tannlækninga barna.
- Slys- og örorkubætur vegna slysa barna að 18 ára aldri.
- Dánarbætur barna að 18 ára aldri.

Fáðu nánari upplýsingar um Sjúkrasjóð VR á vef VR www.vr.is/styrkir-sjodir/sjukrasjodur-kr



ÁRLEGT KAFFIBOÐ ELDRI FÉLAGS- MANNA VR



VR hélt hið árlega kaffiboð eldri félagsmanna VR á Uppstigningardag þann 10. maí sl. og þáðu um 600 manns boðið. Örn Árnason var veislustjóri og fór með gamanmál eins og honum einum er lagið og Jóhanna Guðrún söng vel valdar perlur úr dægurlagaflórinni.





ERT ÞÚ AÐ VINNA Í SUMAR?

Réttindi ungs fólks á vinnumarkaði

Þegar skólarnir klárast á vorin fer ungu fólkíð flest í sumarvinnu en með því að vinna á sumrin fá þau dýrmæta starfsreynslu á vinnumarkaði. En hvað þarf að hafa í huga þegar komið er út á vinnumarkaðinn?

HÉR ERU NOKKUR MIKILVÆG ATRIÐI SEM ÞÚ VILT VERA MEÐ Á HREINU:

- Gott er að gera ráðningarsamning og lesa hann yfir með foreldrum áður en þú skrifar undir!
- Laun eru greidd í byrjun mánaðar!
- Launaseðill er mikilvægur! – Mikilvægt er að fara yfir launataxtann og unna tíma!
- Prufutími á alltaf að vera greiddur – Þú átt ekki að vinna ókeypis!
- Jafnaðarkaup – Það er ekki samið um jafnaðarkaup í kjarasamningum!
- Þú átt að fá greitt stórhátíðarálag þegar þú vinnur á stórhátíðardögum!

Fleiri mikilvæg atriði er að finna á www.vr.is



RAGNHEIÐUR BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

Aldur: 17 ára

Skóli: Menntaskólinn í Reykjavík

Ertu búin að fá vinnu í sumar?

Já, ég verð í sumarvinnu hjá Landsvirkjun og mun einnig taka helgarvaktir í Pylsuvagninum á Selfossi.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaði?

Almennt tel ég að vel sé komið fram við ungt fólk á vinnumarkaðnum, það er að minnsta kosti mín reynsla eftir tveggja ára starf hjá Bónus.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?

Já, ég held það.

Hvert er draumastarfíð þitt?

Mig dremmir hvað helst um að verða lögfræðingur eða réttarsálfræðingur.



MAGNÚS ÞORRI BJÖRNSSON

Aldur: 18 ára

Skóli: Fjölbautaskólinn við Ármúla

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?

Já. Ég hef verið að vinna sem vaktstjóri á Domino's með skóla. Verð áfram í því í sumar samhliða bæjarvinnunni á Seltjarnarnesi.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaði?

Mín upplifun er sú að allt of oft sé komið illa fram við ungt fólk. Ég veit að sumsstaðar er komist hjá því að greiða matartíma og á öðrum stöðum eru pásur ekki í boði ef það er mikið að gera. Þá er ekkert greitt aukalega fyrir það ef maður sleppir pásu útaf traffík. Það er einhvern veginn bara skautað framhjá reglum um pásur. Svo er líka yfirleitt greitt eftir töxtum hjá stéttarfélögum, sem eru mjög lágir.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?

Ég held að allir vinir mínir séu komnir með vinnu í sumar. Seltjarnarnesbær býður öllum sem vilja vinnu í vinnuskólanum yfir sumarið, sem er mjög hentugt.

Hvert er draumastarfíð þitt?

Ég er ekki alveg viss um hvert draumastarfíð mitt er því að maður veit aldrei hvað framtíðin býður upp á. Ég veit samt að ég myndi vilja vinnu frá kl. 08.00-17.00 með nógu há laun til þess að vera vel öruggur fjárhagslega. Samt ekki of há laun því að of miklir peningar geta skapað óhamingju.



SÓLEY SVEINBERGSDÓTTIR

Aldur: 15 ára

Skóli: Öldutúnsskóli

Ertu búin að fá vinnu í sumar?

Já. Ég vinn á Lemon í sumar, verð bæði á föstum vöktum og svo tek ég líka að mér aukavaktir. Ég er einnig að bíða eftir svari frá öðru fyrirtæki, ég yrði þá að vinna þar nokkra daga í viku frá 8:00-16:30.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaði?

Já mér finnst það í flestum tilvikum. Mér finnst oft að þeir sem eru að ráða inn fólk segi að maður sé of ungur til að vinna, en ungt fólk getur oft verið duglegra og vinnusamara en það eldra. Mér finnst viðskiptavinir vera mjög kurteisir við ungt fólk.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?

Já, flestir eru komnir með vinnu en ekki allir. Ég hef tekið eftir því að það er mjög erfitt að fá vinnu á mínum aldri og ekki allir vinnustaðir sem ráða inn fólk á mínum aldri og halda að við séum of ung og ekki nógu fær.

Hvert er draumastarfíð þitt?

Ég er mikið að flakka á milli og er ekki alveg komin með lokaniðurstöðu í því. Ég hef mikinn áhuga á hönnun og svo væri ég alveg til í að vera flugfreyja.



RÚNAR HARALDSSON

Aldur: 18 ára

Skóli: Kvinnaskólinn í Reykjavík

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?

Já ég er kominn með vinnu í sumar á Flatey Pizza og hjá Agli Árnasyni ehf.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaði?

Mér finnst komið fram af virðingu við flesta unga á vinnumarkaði. Ég hef þó heyrt sögur af því þegar yfirmenn nýta sér þekkingarleysi ungs fólks á réttindum sínum.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?

Já þeir sem ætla að vinna eru komnir með vinnu.

Hvert er draumastarfíð þitt?

Það er erfitt að velja eitt draumastarf en það væri eflaust eitthvað tengt stjórnmálum eða lögfræði.

FYRIRTÆKI 2018 ÁRSINS

Árlega stendur VR fyrir kjöri á *Fyrirtæki ársins*.
Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á
Íslandi liggja nú fyrir.

Stór fyrirtæki

dk hugbúnaður
Johan Rönning
Nordic Visitor
Pipar / TBWA
Sjóvá

Meðalstór fyrirtæki

Áltak
Cyren
Expectus
Fulltingi
Margt smátt

Lítill fyrirtæki

Attentus
Beiersdorf
Eirvík
Microsoft Ísland
Rafport

VR óskar *Fyrirtækjum ársins* til hamingju með frábæran árangur!

